

Inngangur


Lýsing þessi tekur til breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og varðar skilgreiningu á afmörkun þynningarsvæðis sem eru mörk vegna loftmengunar.

Hafnarfjarðarbær hefur áform um að fella niður mörk þynningarsvæðis. En þynningarsvæðið hefur ákveðnar takmarkanir gangnvert skipulagi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fyrrgreind breyting verði sett í lögbundið skipulagsferli sem hefst með lýsingu þessari.

Lýsingin aðalskipulagsbreytingarinnar er unnin samkvæmt 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulags breytingin verður sett fram á breytingarupprætti í stærð A2 sem sýnir sveitafélagsupprátt aðalskipulags í mkv. 1:15.000. Greinargerð, stefnu og skipulagsákvæði verða á upprætti.



þynningarsvæðið í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Tilfni breytingar aðalskipulags

Á fundi skipulags- og byggingarráð þann 3. nóvember 2020 var eftirfarandi samþykkt:

„Skipulags- og byggingarráð fagnar skýrslu Verkfræðistofunnar Resource um endurskoðun á þynningarsvæði álversins. Ljóst er að samkvæmt henni er fullt tilefni til að minnka bæði þynningar- og öryggissvæðið. Gerð er ný tillaga að umhverfismörkum í kringum álverið sem byggð er á niðurstöðum mengunarútreikninga og byggist á hvar áætlað er að viðmiðunarmörkin 0,3 mu/m³ fyrir loftkennt flúoríð liggja. Einnig tekur skipulags- og byggingarráð undir það sem lagt er til í lok skýrslunnar að mælingum skuli fjölgað nær byggð í Vallarhverfi, Skarðshlíð og Hamranesi.“

Í auglýsingu Umhverfisstofnunar dags. 24. ágúst 2021 að tillögu að nýju starfsleyfi fyrir Rio Tinto á Íslandi hf. kemur m.a. fram að ekki er gert ráð fyrir ákvæði um þynningarsvæði í starfsleyfinu.

Í starfsleyfinu er lögð áhersla á að til varnar mengunar ytra umhverfis og er rekstraraðila gert skylt að nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Einnig er skylt að starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi og efla þarf umhverfsvöktun m. a. með nýrri loftgæðamælistöð sem staðsett yrði vestan við álverið.

Breyting á aðalskipulagsupprætti

Svæði sem sýnir þýnningarsvæði er tekið burt, landnotkunarflokkurinn I3 verður hluti af AT3 og landnotkunarflokkurinn I4 verður hluti af AT4.

Breytingar á greinargerð aðalskipulags


Í töflu 6. „Yfirlit yfir athafnasvæði“ breytist stærðin á reit AT3, Hellnahraun 3. úr 18 ha í 58 ha, Einnig kemur ný röð í töfluna sem bætist við reitur AT4 Kapelluhraun 40 ha að stærð.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
AT3	Hellnahraun 3	58	Óbreytt flatlendi helluhraun
AT4	Kapelluhraun	40	Að mestu óbyggt helluhraun

Í töflu 7. „Yfirlit um iðnaðarsvæði“ breytist stærðin á reit I3 Hellnahraun úr 135 ha í 95 ha. Reitur I4 Kapelluhraun 103 í úr 63 ha.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
I3	Hellnahraun	95	Blönduð iðnaðarstarfsemi, Flatlent helluhraun
I4	Kapelluhraun	63	Þýngri iðnaðarstarfsemi K1 lítið byggt, K2 óbyggt

Einnig verða breytingar á texta greinargerðar um *Hellnahraun* og *Kapelluhraun* sem snúa að breyttum stærðum reita og breytingum reita þegar fallið er frá þýnningarsvæði.



Umhverfisaðstæður

Þýnningarsvæðið er hraunasvæði sem búið er að raska töluvert. Á þýnningarsvæðinu er talsvert magn af þekktum minjum. Áform um að falla frá þýnningarsvæðis hefur ekki áhrif á minjar á svæðinu enda um mörk svæðis loftmengunar að ræða. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu, verður Minjastofnun umsvifalaust gert viðvart.

Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir

Fyrir liggja deiliskipulagsáætlanir af atvinnu- og iðnaðarsvæðum í nágrenninu og verða þær uppfærðar til samræmis við þessa aðalskipulagsbreytingu. Þær eru:


- Deiliskipulag Álvers í Straumsvík
- Deiliskipulag Hvaleyrar, golfvöllur
- Deiliskipulag Hellnahrauns 1. áfangi
- Deiliskipulag Hellnahrauns 2. áfangi
- Deiliskipulag Hellnahrauns 3. áfangi
- Deiliskipulag Kapelluhrauns 1. áfangi
- Deiliskipulag Kapelluhrauns 2. áfangi
- Deiliskipulag aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni

Helstu forsendur

Ákvæði um þynningarsvæði hafa verið í reglugerðum og var það skilgreint í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Reglugerðin var felld úr gildi við gildistöku reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

Mörk þynningarsvæðis og takmarkaðrar ábygðar voru ákveðin 1966 og 1997 og hafa þau verið á aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá því.

Í seinni tíð hefur mengunarvarnabúnaður álversins verið bættur umtalsvert og loftgæðastöðvar í nágrenni álversins hafa sýnt fram á lágan styrk mengunarefna. Í rannsókn sem gerð var af ráðgjafafyrirtækinu ReSource (dags. 3. nóvember 2020) bentu niðurstöður til þess að flúoríð mengun væri mesti í grennd við álverið og aðeins þegar bilanir koma upp þá nær mengunin yfir stærra svæði og þá yfirleitt yfir mjög stuttan tíma. Ráðgjafafyrirtækið leggur til að öryggismörkum/varúðarsvæði verði haft við álverið.



Fjólubláa línan sýnir tillögu að öryggismörkum fyrir álverið (úr skýrslu ReSource).

Skipulagsferlið – samráð og kynning

Lýsing þessi er unnin í samræmi gr. 30, 31, og 32 í skipulagslögum nr. 123/2010. Þar er kveðið á um kynningar og samráð við íbúa, umsagnaraðila og aðra hagsmunaaðila á hinum ýmsu stigum skipulagsferlisins.

Kynning lýsingarinnar verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Hún verður einnig kynnt almenningi, íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunum aðilum, með auglýsingum í Fréttablaðinu og verður hún einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins hafnarfjordur.is, í anddyri Þjónustuvers að Strandgötu 6 og í anddyri Norðurhelli 2. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum.

Tillögugögnin verða jafnframt kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og umsagnaraðilum. Verður þeim sent bréf með tilvísun í vefslóð þar sem kynningargögnin verður að finna.

Afgreiðsla í bæjarstjórn

Eftir að skipulagstillagan hefur verið samþykkt til lögformlegrar auglýsingar í bæjarstjórn verður hún send til Skipulagsstofnunar til athugunar.

Auglýsing aðalskipulagstillögu

Bæjarstjórn skal auglýsa tillöguna með áberandi hætti svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi í sex vikur hjá Skipulagsstofnun og á vef sveitarfélagsins hafnarfjordur.is, í anddyri Þjónustuvers að Strandgötu 6 og í anddyri Norðurhelli 2.

Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags

Tekin verður afstaða til allra athugasemda sem kunna að berast og metið hvort breyta skuli tillögu vegna þeirra. Umsagnir/svör skipulags- og byggingarnefndar verða send þeim sem athugasemdir gerðu og niðurstaða sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins verður auglýst.

Helstu umsagnar aðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Nágranna sveitarfélög
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Garðabæjar
- Umhverfisstofnun

Lausleg tímaáætlun skipulagsferilsins

	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars
Lýsing aðalskipulags og umsagnarferli						
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu						
Kynning á aðalskipulagsbreytingu						
Tillaga fullunnin og afgreiðsla skipulagstillögu til auglýsingar						
Auglýsing og gildistaka						

Fylgiskjal:

Skýrsla ReSource dags. nóvember 2020.